

Kaup UK fjárfestinga ehf. á Vélaverkstæði Þóris ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa UK fjárfestinga ehf. („UK fjárfestingar“) á Vélaverkstæði Þóris ehf. („Vélaverkstæði Þóris“). Í ákvörðuninni verður fyrst vikið að málsatvikum og málsmeðferðinni, þá næst samrunanum, markaðsskilgreiningum og samkeppnislegum áhrifum samrunans sem rannsóknin leiddi í ljós. Loks er fjallað um niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um að aðhafast ekki vegna samrunans.
2. Í ljósi upphaflegrar gagnaöflunar, þ. á m. umsagna frá markaðsaðilum, var samruninn tekinn til frekari rannsóknar á öðrum fasa. Eins og rökstutt er með ákvörðun þessari var það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að gera ekki athugasemdir við kaupin og lauk því meðferð málsins án íhlutunar. Tekið skal fram að samrunamálinu lauk með bréfi til samrunaaðila 16. maí 2025 um að Samkeppniseftirlitið myndi hvorki aðhafast né rannsaka samrunann frekar. Var samrunaaðilum tilkynnt að ákvörðun með rökstuðningi yrði birt síðar. Birting þessarar úrlausnar um málsmeðferðina og rannsókn samrunans hefur tafist vegna anna hjá Samkeppniseftirlitinu.

I. Inngangur og málsmeðferð

3. Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 12. mars 2025, að undangengnum forviðræðum, sbr. 4. gr. reglna nr. 1390/2020, um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Í samræmi við framangreint byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga, sbr. 12. gr. reglna um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, að líða 13. mars 2025.
4. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast UK fjárfestingar allt hlutafé í Vélaverkstæði Þóris og mun Vélaverkstæði Þóris því verða undir yfirráðum UK fjárfestinga og hluti af samstæðu félagsins. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
5. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Í aðdraganda fullnægjandi tilkynningar átti Samkeppniseftirlitið einnig í samskiptum og fundaði með bæði kaupendum og seljendum. Þá aflaði Samkeppniseftirlitið sjónarmiða frá markaðsaðilum, auk þess sem eftirlitið átti í samskiptum við Bændasamtök Íslands og aflaði upplýsinga frá viðskiptavinum samrunaaðila, einkum á Suðurlandi.



6. Með bréfi, dags. 15. apríl 2025, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að í kjölfar m.a. umsagna frá markaðsaðilum teldi eftirlitið ástæðu til að rannsaka frekar möguleg áhrif samrunans á samkeppni í samræmi við 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.
7. Tók frekari rannsókn annars vegar til markaðsstöðu Vélaverkstæðis Þóris á landfræðilegum mörkuðum málsins, einkum Suðurlandi, og mögulegra samkeppnishindrana og útilokunaráhrifa í garð keppinauta í ljósi markaðsstyrks sameinaðs félags í kjölfar samrunans, bæði í viðgerðarþjónustu og við sölu vinnuvéla og atvinnutækja. Hins vegar var þörf talin á að rannsaka nánar, að virtri markaðsstöðu og styrk Vélaverkstæðis Þóris á Suðurlandi, mögulega myndun eða styrkingu á markaðsráðandi stöðu og áhrif þess.
8. Eins og útskýrt er með ákvörðun þessari gerir Samkeppniseftirlitið ekki athugasemdir við kaupin og lauk því meðferð málsins á öðrum fasa án íhlutunar hinn 16. maí 2025, en frestur til rannsóknar á öðrum fasa var til 1. september 2025.

II. Samruninn

9. UK fjárfestingar er eignarhaldsfélag í eigu JÚ ehf. Félagið á 100% eða meirihluta í eftirfarandi félögum:
 - Toyota á Íslandi ehf.
 - TK bílar ehf.
 - Bílanaust ehf.
 - Okkar bílaleiga ehf.
 - Skorri ehf.
 - Bílaútleigan ehf.
 - Kraftvélar ehf.
10. Líkt og nánar greinir hér að neðan er möguleg skörun og tengsl í starfsemi samrunaaðila einna helst á milli Kraftvéla ehf. („Kraftvélar“) og Vélaverkstæði Þóris. Í samrunaskrá kemur fram að Kraftvélar sérhæfi sig í innflutningi og þjónustu á Komatsu vinnuvélum, en séu einnig umboðsaðili fyrir önnur atvinnutæki, svo sem Dynapac, Sandvik, Fintec, Rammer og Miller. Þá flytji félagið einnig inn og selji landbúnaðartæki, svo sem New Holland, Case IH, Weidemann og Pöttinger auk lyftara, svo sem Toyota. Auk þess flytji Kraftvélar inn og selji varahluti í atvinnutæki. Þá reki félagið verkstæði að Dalvegi 6-8 í Kópavogi sem þjónusti tæki sem félagið selji, auk þess sem félagið sé með samninga við þjónustuaðila víðsvegar um landið.
11. Vélaverkstæði Þóris er einkahlutafélag sem rekur vélaverkstæði á Selfossi. Samkvæmt samrunaskrá sérhæfir Vélaverkstæði Þóris sig í viðgerðum og viðhaldi á almennum vinnuvélum, landbúnaðarvélum, vörubílum og tengivögnum. Fyrirtækið sinni einnig rennismíði, fræsivinnu og alls kyns járnsmíði, auk þess sem verkstæðið sé búið smurstöð sem geti sinnt fólksbílum, vörubílum og vinnuvélum. Samhliða rekstri verkstæðisins sé rekin verslun með rafsuðu- og gasvörur, rafsuðuvíra, slípivörur o.fl. Þá sé félagið umboðsaðili Linde Gas á Suðurlandi.

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

12. Við mat á samruna verður samkvæmt samkeppnislögum að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, sbr. einnig VI kafla viðauka I við reglur nr. 1390/2020, skal í tilkynningu um samruna koma fram lýsing á þeim vöru- eða þjónustumörkuðum og landfræðilegu mörkuðum sem samruninn hefur áhrif á.



13. Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara og staðgöngubjónusta eru vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar vöru eða þjónustu að mati neytenda.
14. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

1.1. Sjónarmið samrunaaðila um markaði

15. Í samrunaskrá er umfjöllun um þá markaði sem áhrifa samrunans gætir að mati samrunaaðila, en um eftirfarandi markaði er fjallað:
 - Markaður fyrir viðhald og viðgerðir atvinnutækja
 - Markaður fyrir innflutning og sölu atvinnutækja
 - Markaðir fyrir sölu á upprunalegum og almennum varahlutum
 - Markaður fyrir sölu á gasvörum

1.1.1. Markaður fyrir viðhald og viðgerðir atvinnutækja

16. Að mati samrunaaðila sé skörun vegna samrunans á markaði fyrir viðhald og viðgerðir á atvinnutækjum, s.s. landbúnaðarvélum og almennum vinnuvélum, en bæði Kraftvélar og Vélaverkstæði Þóris starfi á þeim markaði. Samrunaaðilar telji þó að starfsemi félaganna sé eðlisólík og að færa megi rök fyrir því að þau starfi á ólíkum undirmörkuðum. Kraftvélar þjónusti einungis tæki sem félagið flytji inn og selji, en slík þjónusta fari nær alfarið fram hjá umboðsaðila ætli kaupandi sér að viðhalda verksmiðjuábyrgð. Þegar ábyrgðartíma sleppi sé algengara að viðskiptavinir leiti annað en þó ekki algilt, enda þurfi viðkomandi verkstæði að búa yfir tölvu frá framleiðanda eða hafa yfir að ráða þekkingu á viðkomandi tegund. Vélaverkstæði Þóris flytji ekki inn tæki og þjónusti ýmis atvinnutæki óháð tegund. Þannig sé það mat samrunaaðila að Kraftvélar starfi á markaði fyrir viðhald og viðgerðir á atvinnutækjum á þeim tegundum sem félagið flytji inn. Vélaverkstæði Þóris starfi á markaði fyrir almennt viðhald og viðgerðir á atvinnutækjum, óháð tegund.
17. Hugsanlega megi skipta markaði fyrir viðgerðarþjónustu á atvinnutækjum niður í undirmarkaði eftir mismunandi tegundum tækja skv. umfjöllun í samrunaskrá. Í tilviki samrunaaðila mætti þá t.d. skilgreina eftirfarandi markaði:
 - Markaður fyrir viðhald og viðgerðir á vinnuvélum
 - Markaður fyrir viðhald og viðgerðir á landbúnaðartækjum
 - Markaður fyrir viðhald og viðgerðir á atvinnubifreiðum
 - Markaður fyrir viðhald og viðgerðir á lyfturum
18. Sé horft til framangreindrar skiptingar sé ljóst að báðir samrunaaðila starfi á markað fyrir viðhald og viðgerðir á vinnuvélum og landbúnaðartækjum. Vélaverkstæði Þóris þjónusti einnig atvinnubifreiðar og verkstæði Kraftvéla þjónusti lyftara sem fyrirtækið flytji inn. Að mati



samrunaaðila mætti svo skipta öllum framangreindum mörkuðum eftir því hvort um sé að ræða viðgerðir á tækjum sem stafi af eigin innflutningi og sölu og svo almennan markað.

19. Hvað landfræðilegan markað málsins varðar telja samrunaaðilar að markaður málsins fyrir viðhald og viðgerðir á atvinnutækjum sé landið allt, Ísland, í ljósi þess að bæði félögin geti þjónustað viðskiptavinum um allt land, ýmist með sérstökum tækjabílum eða fjarskiptatækni til að fjargreina tæki.
20. Fram kemur í samrunaskrá að hugsanlega sé hægt að skilgreina þá landfræðilegu markaði sem samrunaaðilar starfa á þrengra og þá miðað við tiltekin landsvæði að sögn samrunaaðila. Sú þjónusta sem samrunaaðilar veiti utan starfsstöðva sinna sé fyrir tilstilli þjónustu- og tækjabíla.
21. Óveruleg velta sé vegna tækjabíls Vélaverkstæðis Þóris, en meirihluti þjónustu bílsins sé vegna viðgerða á Suðurlandi []%¹ og Vesturlandi []% og []% sé vegna viðgerða annars staðar á landinu. Í tilviki Kraftvéla sé stærstur hluti verkefna þjónustubíla félagsins tengdur vinnuvélum, en bílarnir þjónusti einnig önnur tæki, svo sem landbúnaðartæki. Kraftvélar áætli að um []% af verkstæðisveltu fyrirtækisins komi frá þjónustubílum og skiptist hún þannig að []% séu vegna viðgerða á Vesturlandi, []% á Suðurlandi, []% á Austurlandi og []% á Norðurlandi.
22. Sé markaður afmarkaður eftir landshlutum telji samrunaaðilar að Kraftvélar starfi enn á öllu landinu en að færa megi rök fyrir því að sá landfræðilegi markaður sem Vélaverkstæði Þóris starfi á afmarkist af Suðurlandi, en nái mögulega til Suðvesturhornsins alls.
23. Í samræmi við framangreint færa samrunaaðilar fram þrjár sviðsmyndir við útreikning á markaðshlutdeild í samrunaskrá í kjölfar athugasemda Samkeppniseftirlitsins. Þannig sé áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila um [15 – 20]% sé litið til landsins alls. Sé landfræðilegur markaður miðaður við Suðvesturhorn landsins sé áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila [20 – 25]% og sé landfræðilegur markaður miðaður við Suðurland sé áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila [45 – 50]%.

1.1.2. Markaður fyrir innflutning og sölu atvinnutækja

24. Samkvæmt samrunaskrá starfa Kraftvélar aðallega á markaði fyrir innflutning og sölu á nýjum atvinnutækjum, en honum sé mögulega hægt að skipta upp eftir flokkum tækja að sögn samrunaaðila. Einnig selji félagið notuð atvinnutæki sem hafi verið tekin upp í við kaup á nýju tæki en aðalstarfsemin snúi að nýjum tækjum. Vélaverkstæði Þóris starfi ekki á þeim markaði.
25. Að mati samrunaaðila sé landfræðilegur markaður fyrir sölu á atvinnutækjum landið allt, Ísland. Þá veiti sala á atvinnutækjum í Evrópu samkeppnislegt aðhald þar sem kaupendur flytji sumir hverjir inn sín eigin tæki, en þá sé helst um að ræða notuð tæki.
26. Ekki liggi fyrir upplýsingar um heildarstærð markaðarins og sé því erfitt að áætla markaðshlutdeild Kraftvéla á þeim markaði. Þrátt fyrir það sé mögulegt að áætla markaðshlutdeild með nokkuð nákvæmum hætti í afmörkuðum atvinnutækjum með því að skoða upplýsingar um innflutning úr skráningakerfi vinnuvéla og tækja hjá Vinnueftirliti ríkisins.
27. Í samræmi við framangreint leggja samrunaaðilar fram áætlaða markaðshlutdeild Kraftvéla á eftirfarandi undirmörkuðum eða flokkum atvinnutækja:

- Dráttarvélar

¹ Fellt út vegna trúnaðar.



- Liðléttingar
- Lyftarar
- Vinnuvélar aðrar en landbúnaðartæki

28. Í framangreindum flokkum fari markaðshlutdeild Kraftvéla ekki yfir 30% nema í einu tilfelli, en að mati samrunaaðila gefi innflutningstölur fyrir árið 2024 ekki rétta mynd af markaðshlutdeild aðila. Helgist það af því að stærsti keppinauturinn á þeim markaði hafi flutt inn óvenju mikinn fjölda tækja á árinu 2023 og hefði hluti þeirra verið seldur á árinu 2024.

1.1.3. Markaðir fyrir sölu á varahlutum og gasvörum

29. Í samrunaskrá er einnig fjallað um markað fyrir sölu á varahlutum. Kraftvélar flytji inn og selji upprunalega varahluti vegna þeirra tegunda atvinnutækja sem félagið flytji inn og selji. Þá selji Bílanaust, dótturfyrirtæki UK fjárfestinga, almenna bílavarahluti, aukahluti, og efnavöru sem tengist rekstri og viðhaldi bifreiða. Viðskipti Vélaverkstæðis Þóris við Bílanaust séu takmörkuð, en þær vörur sem Vélaverkstæði Þóris kaupi af Bílanaust séu einnig aðgengilegar hjá keppinautum félagsins.
30. Loks er fjallað um markað fyrir sölu á gasvörum, en ekki sé skörun í starfsemi samrunaaðila þrátt fyrir að bæði Vélaverkstæði Þóris og Skorri, dótturfélag UK fjárfestinga, selji slíkar vörur, enda sé um mismunandi vöruflokka að ræða.
31. Bæði Vélaverkstæði Þóris og Skorri, dótturfélag UK, selja gasvörur. Engin skörun sé þó í starfsemi samrunaaðila í þeim vöruflokki.

1.2. Mat Samkeppniseftirlitsins

32. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að skilgreina vöru- og þjónustumarkaði málsins með öðrum eða ítarlegri hætti en gert er af hálfu samrunaaðila. Þó er vakin athygli á því, líkt og samrunaaðilar fjalla um, að rök kunna að standa til þess að afmarka markaði og undirmarkaði nánar, s.s. eftir mismunandi tegundum atvinnutækja.
33. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti þó til þess að landfræðilegur markaður fyrir viðgerðir og viðhald á atvinnutækjum kunni að vera staðbundnari en svo að hann nái yfir allt landið. Við mat á mörkuðum málsins óskaði Samkeppniseftirlitið m.a. umsagna helstu keppnauta sem tilteknir eru í samrunaskrá, bæði innflutningsaðila á atvinnutækjum og verkstæða, auk þess sem eftirlitið átti í samskiptum við aðra hagaðila, Bændasamtök Íslands og viðskiptavinum samrunaaðila, einkum á Suðurlandi.
34. Af þeim keppinautum sem veittu efnislega umsögn um samrunann og samrunaskrána telur meirihlutinn að starfssvæði verkstæða sé svæðisbundið og þrengra en svo að það nái yfir allt landið, þrátt fyrir möguleika á þjónustubifreiðum og fjargreiningu sem samrunaaðilar vísa til. Innflutningsaðilar séu almennt með þjónustusamninga við tiltekin verkstæði í öðrum landshlutum þó það sé ekki algilt. Þrátt fyrir möguleika á þjónustubifreiðum og fjargreiningu sé algengara að viðskiptavinir leiti að þjónustu nærri þeim.
35. Samtöl við viðskiptavinum samrunaaðila benda til þess að þeir leiti almennt til verkstæða nærri sér eða á sínum landshluta, enda sé kostnaðarsamt og fyrirhöfn að flytja atvinnutæki milli landshluta til viðgerðar. Flestir hafi þó nýtt sér þjónustubíla og sé það almennt vegna smærri bilana eða stærri véla sem erfitt sé að flytja eða ef umrætt atvinnutæki sé enn í ábyrgð.



36. Af framboðssvæðisgreiningu samrunaaðila sem er hluti af gögnum samrunamálsins má jafnframt ráða að viðskiptavinir samrunaaðila séu að meirihluta frá þeim landshlutum þar sem verkstæðin eru staðsett, á höfuðborgarsvæðinu í tilvikum Kraftvéla og á Selfossi í tilvikum Vélaverkstæði Þóris. Bendir greiningin þó líka til þess að einhver hluti viðskiptavina sæki verkstæðisþjónustu um lengri veg eða á milli starfssvæða verkstæða samrunaaðila.
37. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins bendir til þess að markaður fyrir viðgerðir á atvinnutækjum sé að meginstefnu til svæðisbundinn. Sú staðreynd að Kraftvélar hafi gert samninga við þjónustuaðila í mismunandi landshlutum til þess að þjónusta vörur og tæki sem Kraftvélar hafa umboð fyrir rennir einnig stoðum undir framangreint, en Kraftvélar geri samninga við verkstæði á landsbyggðinni, svokallaða viðurkennda þjónustuaðila, til að tryggja aðgengi viðskiptavina Kraftvéla að þjónustu þegar fyrirtækið geti ekki veitt hana sjálft. Fyrirtækið sinni þó ákveðinni þjónustu á starfssvæðum þjónustuaðila samkvæmt samrunaskrá, ýmist með þjónustubílum í smærri viðgerðum eða á verkstæði Kraftvéla ef þörf krefji, en þjónustuverkstæði á landssvæðum sinni einnig viðgerðum, einkum ef um sé að ræða ábyrgðarviðgerðir. Árið 2020 gerðu Kraftvélar og Vélaverkstæði Þóris jafnframt með sér þjónustusamning þar sem Vélaverkstæði Þóris var tilgreint sem viðurkenndur þjónustuaðili Kraftvéla á Suðurlandi.
38. Er sá markaður málsins sem Vélaverkstæði Þóris starfar á, viðgerðarþjónusta atvinnutækja, sennilega bundinn við Suðurland. Markaðsskilgreiningar geta þó ekki verið fullkomnar og geta aðrir keppinautar á nærliggjandi mörkuðum, t.d. verkstæði á höfuðborgarsvæðinu, í ákveðnum tilfellum veitt tiltekið samkeppnislegt aðhald.
39. Vélaverkstæði Þóris er þó í mjög sterkri stöðu á markaði fyrir viðgerðarþjónustu á atvinnutækjum á Suðurlandi og nýtur sameinað félag sennilega markaðsráðandi stöðu á þeim markaði, en sameinað félag er með um [45 – 50]% markaðshlutdeild á þeim markaði samkvæmt gögnum málsins.
40. Allt að einu hefur það ekki áhrif á niðurstöðu samrunamálsins hvort miðað sé við þrengri eða víðari landfræðilega markaði sem fjallað er um í samrunaskrá og metnir voru í rannsókninni, sbr. síðari umfjöllun um sennileg takmörkuð lóðrétt áhrif samrunans á grundvelli stöðu Vélaverkstæðis Þóris og UK fjárfestinga í sömu virðiskeðju fyrir atvinnutæki og viðgerðir þeirra.

2. Samkeppnisleg áhrif samruna

41. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

2.1. Sjónarmið samrunaaðila

42. Að sögn samrunaaðila sé skörun í starfsemi þeirra afar takmörkuð sé litið til ólíks eðlis starfseminnar á mismunandi undirmörkuðum. Þá séu fjöldamargir aðilar starfandi á umræddum heildarmarkaði. Leiði skv. samrunaaðilum af framangreindu að engin samþjöppun eða lárétt neikvæð samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.



43. Hvað lóðrétt áhrif varðar sé að sögn samrunaaðila virk samkeppni á þeim mörkuðum sem þeir starfi á og markaðshlutdeild samrunaaðila á flestum mörkuðum undir 30%. Samrunaaðilar telji því afar ólíklegt að samruninn geti haft skaðleg lóðrétt áhrif.
44. Sá markaður sem sameinað félag komi til með að vera hvað sterkast á sé markaður fyrir almenna viðgerðarþjónustu atvinnutækja á Suðurlandi. Samrunaaðilar telji þó að sameinað félag muni hvorki hafa getu né hvata til að þjónusta ekki vélar og tæki viðskiptavina keppinauta Kraftvéla á aðliggjandi markaði eða efra sölustigi fyrir sölu atvinnutækja og vinnuvéla. Viðskipti samrunaaðila væru takmörkuð og myndi slík nálgun hafa neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll og -hæfi félagsins í því ljósi.
45. Um fjölmarga keppinauta sé að ræða á mismunandi undirmörkuðum, sem sumir hverjir séu lóðrétt samþættir. Þá séu fáar aðgangshindranir inn á markaðinn utan hefðbundinna þátta við stofnun atvinnureksturs.
46. Um samsteypuáhrif segir í samrunaskrá að samrunaaðilar starfi á tengdum mörkuðum; innflutning og sölu atvinnutækja annars vegar og viðhald og viðgerðir slíkra tækja hins vegar. Að mati samrunaaðila sé staða þeirra á viðkomandi mörkuðum hvorki nægilega sterk né að öðru leyti með þeim hætti að hætta skapist á skaðlegum samsteypuáhrifum af völdum samrunans.
47. Markaðshlutdeild á mörkuðum fyrir innflutning og sölu á einstökum atvinnutækjum sé í öllum tilvikum sem máli skipti undir 30%. Megi því skv. samrunaaðilum leiða því leiða sterkar líkur að því að skaðleg samsteypuáhrif hljótist ekki af samrunanum, sbr. leiðbeiningar framkvæmdastjórnar ESB um lóðrétt og samsteypusamruna, mgr. 25.

2.2. Sjónarmið hagaðila

48. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans óskaði Samkeppniseftirlitið m.a. umsagna helstu keppinauta sem tilteknir eru í samrunaskrá, bæði innflutningsaðila á atvinnutækjum og verkstæða, auk þess sem eftirlitið átti í samskiptum við aðra hagaðila og viðskiptavinum samrunaaðila.
49. Flestir markaðsaðilar gerðu ekki athugasemdir við samrunann eða töldu skaðleg samkeppnisleg áhrif ekki stafa af honum.
50. Hins vegar bárust nokkrar neikvæðar athugasemdir frá markaðsaðilum sem höfðu áhyggjur af samrunanum. Sneru þær einkum að sterkri stöðu Vélaverkstæðis Þóris, sérstaklega í viðgerðum á dráttarvélum, og mögulegum skaðlegum áhrifum á aðgengi annarra að verkstæðisþjónustu á grundvelli þeirrar sterku stöðu. Var á það bent að með samrunanum myndist hvati fyrir Vélaverkstæði Þóris til að hætta mögulega að veita viðskiptavinum og eigendum atvinnutækja frá keppinautum Kraftvéla þjónustu, eða veita lakari þjónustu og draga úr þjálfun, símenntun og þekkingu starfsfólks á öðrum atvinnutækjum en þeim sem Kraftvélar selja.
51. Einnig komu fram sjónarmið um að ekkert annað verkstæði væri nálægt Vélaverkstæði Þóris sem gæti sinnt þeim viðgerðum sem Vélaverkstæði Þóris hefði sinnt sem gæti leitt til skaðlegra áhrifa.

2.3. Mat Samkeppniseftirlitsins

52. Hér að framan er fjallað um sterka stöðu Vélaverkstæðis Þóris. Beindist rannsókn Samkeppniseftirlitsins því annars vegar að því hvort lárétt áhrif yrðu af samrunanum, þ.e. í tengslum við það að verkstæði Kraftvéla í Kópavogi og verkstæði Vélaverkstæðis Þóris á



Selfossi séu starfandi á sama sölustigi í beinni samkeppni og að samruninn myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu með því að samkeppni á milli aðila hverfi. Hins vegar beindist rannsóknin að því hvort lóðrétt áhrif yrðu af samrunanum, þ.e. að með kaupum Kraftvéla á Vélaverkstæði Þóris hefði sameinað félag getu og hvata til þess að þjónusta ekki vélar og tæki viðskiptavina keppinauta Kraftvéla á aðliggjandi markaði eða efra sölustigi fyrir sölu atvinnutækja og vinnuvéla, sem gæti falið í sér útilokunaráhrif.

2.3.1. Lárétt áhrif

53. Láréttir samrunar felast í því þegar fyrirtæki á sama markaði renna saman. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um mat á láréttum samrunum („lárétu leiðbeiningarnar“) er samkeppnislegum áhrifum skipt í tvo meginflokka; einhliða áhrif eins og t.d. þegar samruni myndar eða styrkir markaðsráðandi stöðu eins fyrirtækis. Einnig fellur hér undir samruni fyrirtækja á fákeppnismörkuðum sem felur í sér að mikilvægt samkeppnislegt aðhald hverfur. Þá getur slíkur samruni leitt af sér samræmd eða samstillt áhrif.
54. Fólst rannsókn Samkeppniseftirlitsins m.a. í því að meta hvort samruninn leiddi til myndunar eða styrkingar á markaðsráðandi stöðu Vélaverkstæðis Þóris, en Vélaverkstæði Þóris er í sterki stöðu eins og áður sagði og sennilega markaðsráðandi á meginmarkaði og starfssvæði félagsins fyrir viðgerðir atvinnutækja á Suðurlandi.
55. Með tilkomu nýs eignarhalds samstæðu UK fjárfestinga á Vélaverkstæði Þóris verður framangreind markaðsstaða síst lakari, og færa má rök fyrir því að hún styrkist vegna umsvifa kaupanda á nátengdum mörkuðum og efnahagslegs styrkleika samstæðu UK fjárfestinga. Svo sem að framan greinir bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins hins vegar til þess að markaður fyrir viðgerðir á atvinnutækjum sé svæðisbundinn og að landfræðilegur markaður Vélaverkstæðis Þóris fyrir viðgerðarþjónustu atvinnutækja sé sennilega bundinn við Suðurland þó verkstæði á höfuðborgarsvæðið geti í einhverju tilvikum veitt ákveðið samkeppnisaðhald.
56. Er því ósennilegt að samþjöppun eða skaðleg lárétt áhrif verði af samrunanum, enda virðist verkstæði Kraftvéla, sem staðsett er í Kópavogi, að meginstefnu til starfa á öðrum landfræðilegum markaði fyrir viðgerðarþjónustu og ekki veita Vélaverkstæði Þóris nema takmarkað samkeppnislegt aðhald, þótt félagið hafi þjónustað eigin atvinnutæki á sama svæði, fyrir tilstilli þjónustubifreiða, með viðgerð á staðnum eða á starfsstöð Kraftvéla, m.a. til þess að sinna atvinnutækjum í ábyrgð hjá félaginu.
57. Þá styður það sem fyrr segir svæðisbundna landfræðilega skilgreiningu og framangreind takmörkuð lárétt áhrif samrunans að Kraftvélar hafi gert þjónustusamninga við verkstæði víðs vegar um landið, þar á meðal Vélaverkstæði Þóris um viðgerðir á atvinnutækjum Kraftvéla á Suðurlandi. Þá sé það eitt af markmiðum með kaupnum að færast nær viðskiptavinum Kraftvéla á Suðurlandi.

2.3.2. Lóðrétt áhrif og samsteypuáhrif

58. Í lóðréttum samruna felst að fyrirtæki sem starfa á mismunandi sölustigum renna saman, t.d. framleiðandi og smásali. Samsteypusamruni á sér stað þegar fyrirtæki renna saman sem eru hvorki í láréttum né lóðréttum tengslum, þ.e. starfa hvorki á sama eða tengdum mörkuðum. Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um mat á lóðréttum- og samsteypusamrunum



(„lóðréttu leiðbeiningarnar“) kemur fram að slíkir samrunar eru almennt ólíklegri en láréttir samrunar til þess að fela í sér takmörkun á samkeppni.²

59. Slíkir samrunar geta þó haft samkeppnishamlandi áhrif undir vissum kringumstæðum. Er það helst í þeim tilvikum þegar þeir hafa í för með sér svonefnd útilokunaráhrif (e. *foreclosure effect*), þ.e. að núverandi eða mögulegir keppinautar geti útilokast frá tilteknum markaði, en slík áhrif geta bæði komið fram á neðra og efra sölustigi. Geta samkeppnishömlur t.d. átt sér stað ef hið sameinaða fyrirtæki hefur bæði hvata og getu til að beita vogaraflshegðun milli markaða, sbr. úrskurð áfryjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 6/2009, *ERGN Holdings o.fl. gegn Samkeppniseftirlitinu*.
60. Á lægra sölustigi getur samruni falið í sér útilokandi áhrif fyrir keppinauta ef hann er líklegur til að auka kostnað keppinauta á lægra sölustigi með því að takmarka aðgang þeirra að mikilvægum aðföngum á efra sölustigi (e. *input foreclosure*). Á efra sölustigi geta útilokandi áhrifin falist í því að aðgangur núverandi eða mögulegra keppinauta á efra sölustigi að viðunandi viðskiptavinagrunni á lægra sölustigi (e. *customer foreclosure*) takmarkist, sem takmarki möguleika þeirra og hvata til að keppa á markaðnum.
61. Til að framangreind aðstaða geti skapast verður hið sameinaða fyrirtæki að vera með umtalsverðan markaðsstyrk á efra eða neðra sölustigi.³ Við mat á mögulegum lóðréttum útilokunaráhrifum samruna lítur framkvæmdarstjórn ESB til þess hvort hið sameinaða fyrirtæki, eftir samrunann, hafi í fyrsta lagi getu til þess að útiloka keppinauta með umtalsverðum hætti. Í öðru lagi hvort sameinað fyrirtæki hafi efnahagslegan hvata til þess að grípa til slíkra útilokunaraðgerða gagnvart viðskiptavinum sínum og keppinautum á lægra sölustigi. Í þriðja og síðast lagi hvort útilokunaráhrifin feli í sér mikla eða umtalsverð röskun á samkeppni, svo sem vegna verðhækkana.
62. Líkt og fjallað er um hér að framan er Vélaverkstæði Þóris í mjög sterkri stöðu á markaði fyrir viðgerðarþjónustu á atvinnutækjum á Suðurlandi. Með tilkomu nýs eignarhalds samstæðu UK fjárfestinga verður sú markaðsstaða síst lakari, og færa má rök fyrir því að hún styrkist vegna umsvifa kaupanda á nátengdum mörkuðum og efnahagslegs styrkleika samstæðu UK fjárfestinga. Er því nauðsynlegt að meta hvata og getu sameinaðs félags til útilokunar keppinauta á efra eða lægra sölustigi.
63. Sem fyrr segir óskaði eftirlitið eftir umsögnum frá markaðsaðilum. Flestir þeirra gerðu ekki athugasemdir við samrunann eða töldu hann ekki hafa skaðleg áhrif, en auk þess bárust sjónarmið þar sem settar voru fram áhyggjur af sterkri stöðu Vélaverkstæðis Þóris, sérstaklega í viðgerðum á dráttarvélum, og af mögulegum skaðlegum lóðréttum áhrifum m.t.t. þeirrar sterku stöðu, m.a. verðandi aðgengi annarra vélategunda og eigenda þeirra að þjónustu Vélaverkstæðis Þóris.
64. Samkeppniseftirlitið óskaði frekari upplýsinga frá UK fjárfestingum um m.a. framtíðaráform og stefnu UK fjárfestinga varðandi Vélaverkstæði Þóris, upplýsingaskipti o.fl. með bréfi, dags. 8. apríl 2025.
65. Samkvæmt upplýsingum frá UK fjárfestingum verði Vélaverkstæði Þóris rekið sem sjálfstætt dótturfélag innan samstæðu UK fjárfestinga með eigin framkvæmdastjórn. Þá verði verkstæðið rekið í óbreyttri mynd. Þannig séu ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á því að verkstæðið veiti

² Guidelines on the assessment of non-horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings (2008/C 265/07), 10. mgr.

³ Sjá lóðréttu leiðbeiningarnar, 23. mgr.



almennar viðgerðir og þjónusti eigendur atvinnutækja og vinnuvéla með jöfnum hætti, óháð seljanda vélar eða vörumerkjategund.

66. Stefna UK fjárfestinga sé þannig að Vélaverkstæði Þóris viðhaldi sambandi við aðila sem sinna innflutningi og sölu á vinnuvélum og atvinnutækjum í samræmi við áform um óbreyttan rekstur. Vélaverkstæði Þóris búi ekki yfir viðkvæmum viðskiptaupplýsingum um keppinauta Kraftvéla auk þess sem upplýsingar muni ekki fara á milli dótturfélaga UK fjárfestinga þar sem um sjálfstæð félög sé að ræða. Þá hyggist UK fjárfestingar styðja við áframhaldandi fjárfestingar hjá Vélaverkstæði Þóris sem séu nauðsynlegar til þess að viðhalda og bæta þekkingu starfsmanna á þeim vélum og tækjum sem þeir vinna með, þar með talið öðrum tækjum en þeim sem Kraftvélar flytja inn.
67. Með bréfi, dags. 15. apríl 2025, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að það teldi ástæðu til að rannsaka frekar möguleg áhrif samrunans á samkeppni í samræmi við 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga. Tók sú rannsókn m.a. til framangreinds og fól ásamt öðru í sér samtöl við viðskiptavinum og hagaðila, einkum eigendur atvinnutækja og bændur á Suðurlandi.
68. Flestir umsagnaraðilar töldu samrunann ekki hafa áhrif á sig eða það hvar þeir myndu næst kaupa landbúnaðarvél. Fjöldi umsagnaraðila keypti bæði þjónustu af Vélaverkstæði Þóris og öðrum verkstæðum, allt eftir því hvaða þjónustu sóst væri eftir hverju sinni. Ef þeir gætu ekki nýtt sér þjónustu Vélaverkstæðis Þóris töldu flestir umsagnaraðilar að þeir myndu versla við önnur verkstæði á Suðurlandi og tiltóku í því sambandi nokkur verkstæði sem þeir myndu leita til. Var einnig á það bent að rekstrargrundvöllur Vélaverkstæðis Þóris fælist í því að geta þjónustað mismunandi vélar og tæki á starfssvæði félagsins, líkt og samrunaaðilar hafa haldið fram. Væri þannig ekki hvati til að að þjónusta ekki vélar og tæki viðskiptavina keppinauta Kraftvéla á aðliggjandi markaði eða efra sölustigi fyrir sölu atvinnutækja og vinnuvéla.
69. Í ljósi sterkrar stöðu Vélaverkstæðis Þóris á mörkuðum fyrir viðgerðir og viðhald á atvinnutækjum og vinnuvélum á Suðurlandi, stöðu Kraftvéla sem seljanda slíkra tækja og með hliðsjón af innsendum neikvæðum umsögnum greindi Samkeppniseftirlitið sérstaklega þau áhrif sem samruninn gæti haft á hvata hins sameinaða félags til þess að útiloka eða takmarka viðgerðir á vélum sem keppinautar selja. Gert er ráð fyrir því að slík útilokun gæti til meðallangs tíma styrkt stöðu Kraftvéla í sölu á atvinnutækjum vegna betri þjónustu við þeirra tæki en annarra. Á móti kæmi að markaðsstyrkur Vélaverkstæðis Þóris í viðgerðum myndi dragast saman þar sem önnur verkstæði myndu taka yfir viðgerðir og viðhald á þeim tækjum sem Vélaverkstæði Þóris myndi ekki þjónusta.
70. Við greininguna notaðist Samkeppniseftirlitið við gögn um tekjur, kostnað og hlutdeild á umræddum mörkuðum. Niðurstaða þeirrar greiningar er sú að Samkeppniseftirlitið telur ólíklegt að hið sameinaða félag hefði hvata til slíkrar útilokunar, þar sem markaðshlutdeild Kraftvéla í sölu á atvinnutækjum þyrfti sennilega að aukast verulega til að slík útilokun myndi borga sig, þ.e. að þær viðbótartekjur sem hið sameinaða félag gæti vænst af viðbótarsölu tækja myndu vega upp tekjumissinn í verkstæðisþjónustu vegna útilokunar á vélum sem seldar eru hjá keppinautum Kraftvéla.
71. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins benti einnig í meginatriðum til þess að litlar aðgangshindranir séu á markaði til þess að hefja viðgerðarþjónustu utan hefðbundinna þátta sem þörf er á til að hefja sambærilegan rekstur á samkeppnismörkuðum.
72. Auk framangreinds óskaði Samkeppniseftirlitið eftir áliti markaðsaðila á mögulegum áhrifum samrunans á markað fyrir varahluti og hvort auðvelt eða erfitt væri að flytja upprunalega



varahluti inn. Í svörum markaðsaðila var ekki fjallað sérstaklega um skaðleg áhrif því tengt, auk þess sem auðvelt væri að flytja inn slíka varahluti erlendis frá.

III. Niðurstaða

73. Hér að framan er m.a. fjallað um sterka stöðu samrunaaðila á mörkuðum fyrir viðgerðir og viðhald á atvinnutækjum og vinnuvélum á Suðurlandi. Þrátt fyrir þá sterku stöðu, sem stafar af þeirri markaðsstöðu sem Vélaverkstæði Þóris hefur byggt upp, bendir rannsókn Samkeppniseftirlitsins ekki til þess að sameinað félag hafi getu og hvata til þess að útiloka keppinauta á efra sölustigi með skaðlegum hætti fyrir samkeppni og loks neytendur.
74. Með hliðsjón af framangreindu benda fyrirliggjandi gögn og upplýsingar málsins ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða samkeppni sé að öðru leyti raskað með umtalsverðum hætti, þannig að samruninn sé ósambýðanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga nr. 44/2005. Lauk Samkeppniseftirlitið málinu því á öðrum fasa með bréfi til samrunaaðila þann 16. maí 2025 um að Samkeppniseftirlitið myndi ekki aðhafast vegna samrunans, en birting úrlausnar tafðist vegna anna í öðrum stjórnsýslumálum.

IV. Ákvörðunarorð:

„Kaup UK fjárfestinga ehf. á öllu hlutafé í Vélaverkstæði Þóris ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson